

Bréfið mitt & þitt



Smásögur

Elísabet Alda Georgsdóttir,
Eyrún Didziokas,
Rebekka Guðfinna Pálsdóttir

1.kafli

Jafnrétti

Hann fékk bók en hún fékk nál og tvinna Elísabet

Ég vakna við móður mína kalla: „Þuríður, ég er búin að elda hafragraut fyrir þig svo að við getum byrjað á húsverkunum.“ Mig langar ekki að fara að þrífa! Ég klæði mig í kjólinn og svuntuna.

Ég næ í bókina sem að Jakob á og byrja að lesa á meðan enginn sér mig. Mamma kallar aftur. Mig langar ekki að þrífa. Ég skila bókinni á sinn stað og þýt fram í eldhús. Ég tek skúringarkústinn og fötu. Ég hleyp út að læknum og næ í vatn. Þrífa, þrífa og þrífa. Við mamma gerum alltaf allt á heimilinu.

Jakob kemur fram þreyttur og lúinn með allar bækur sínar. Ekki gerir hann morgunmatinn sinn sjálfur. Ég þarf að gera morgunmatinn fyrir hann.

Hann kvartar og kveinar yfir því að hann þurfi að læra. Ég skil það ekki, mér finnst hann vera heppinn að þurfa að læra. Þetta er algjör vitleysa.

Ég útbý grautinn fyrir Jakob.

„Ó nei, ég reif óvart buxurnar mínar” segir Jakob. Hver þarf að koma honum til bjargar? Ég. Hann svarar samt: „Ég skal sauma gatið, mig langar það.” Auðvitað segir mamma „nei”. Jakob verður fúll, klárar grautinn og drífur sig í strákaskólann.

Hann fer út á brókunum. Ég hleyp á eftir honum og er tilbúin með buxurnar fyrir hann.

Jakob er grátandi. Ég spyr hann hvað sé að? Hann segir: „Ég vil geta þrifið, séð um mig sjálfur og gert það sem að mig langar að gera.” Ég er svo algerlega sammála honum.

Ég fer aftur inn og held áfram að gera allt! Ég og mamma saumum saman föt handa körlunum. Ég byrja að útbúa hádegismatinn fyrir okkur af því að allir koma heim til okkar í hádeginu. Ég tek fram jurtakryddið sem að Jakob bjó til fyrir mig, en ég hef aldrei sagt mömmu að ég hafi ekki búið það til. Ég tek fram slátrið sem að ég sauð fyrir nokkrum dögum og líka kálið. Ekki má gleyma skyrinu. Ég gleymdi smjörinu, nú þarf að strokka smör. Ég legg á borðið og býð gestunum inn.

Jakob kemur inn og ég segi honum að koma inn í herbergi. Hann gengur á eftir mér.

Ég spyr hann hvernig dagurinn hafi verið? Hann svarar: „Ömurlegur, það er alveg gaman að læra en við fáum aldrei að sauma, baka eða hvað sem er, bara læra og lesa.”

„Ég veit” svara ég. „Hvað?” spyr hann. Ég ber undir hann frábæra áætlun sem að ég er með. „Fyrst að allir eru í hádegismat hjá okkur, höldum við ræðu,” ég segi honum hvernig ræðan mun hljóma. Við göngum fram eins og ekkert hafi gerst. Við köllum yfir alla og flytjum ræðuna: „Okkur finnst það ósanngjarnt að strákar þurfi að læra og stelpur að þrifa. Af hverju megum við ekki öll gera það sem okkur langar! Hver annar er orðinn leiður á þessu?” Margir kalla „ég”. Við höldum áfram með ræðuna: „Ég er stundum búin að láta Jakob gera

sum heimilisverkin fyrir mig og hann er búinn að láta mig gera sumt sem að hann á að gera. Ekki misskilja okkur, okkur finnst gaman að gera það sem við eigum að gera en við eigum það ekki skilið að mega ekki gera það sem okkur finnst skemmtilegt að gera. Við getum breytt þessu núna, eruð þið með okkur?" Allir svara: „Já.”

Ég vakna og allt er breytt, ég fæ að lesa og fara í skóla og Jakob má útbúa morgunmatinn sinn sjálfur. Þetta er hátíð. Mamma knúsar okkur fast og segir við okkur: „Þið eruð yndisleg börn, mér þykir svo svakalega vænt um ykkur, litlu bossarnir mínir.”

Við Jakob löbbum saman í skólann jákvæð og sátta við að jafnréttið hafi sigrað.

Íslenskur fótbolti

Eyrún

Adam hjálpaði mömmu sinni að raða í skápana. Í kössunum var fínt bollastell sem þau fengu gefins. Allt þetta dót sem var í kössunum var ekki þeirra, konan með brúnu kattargleraugun hafði safnað því saman og gefið þeim. Mamma Adams var brosandí. Hún var ánægð með nýju íbúðina og Adam vissi að hann ætti líka að vera ánægður. Þau höfðu fengið húsnæði, húsgögn og mamma hans fékk vinnu í frystihúsinu. Sjálfur myndi hann byrja í skóla á mánudaginn næsta. Hann var búinn að prófa að lesa nokkrar barnabækur á íslensku. Hann skildi flest en treysti sér ekki til að tala ennþá. Flestir krakkar í 7. bekk hljóta að kunna nóg ensku til þess að skilja mig, hugsaði Adam

með sér. Hann fann samt einhverja óánægju innra með sér. Ætli hann saknaði ekki vina sinna eða pabba síns, en hann var ennþá í heimalandinu þeirra.

Þegar kom að mánudeginum var mamma Adams búin að útbúa nesti fyrir hann og koma öllum skólabókunum fyrir í skólatösku sem var í einum kassanum. Skólinn var rétt hjá íbúðinni og Adam kunni leiðina nokkuð vel eftir að hafa tekið nokkra göngutúra um hverfið. Þegar hann kom í skólann leið dagurinn hratt. Honum gekk ágætlega í kennslustundunum en hann var meira inni á nýbúadeild heldur en með bekknum. Kennararnir skipuðu krökkunum að heilsa honum og bjóða hann velkominn í skólann, og flestir gerðu það en enginn af mikilli ánægju.

Í frímínútum var honum boðið í fótbolta. Hann var ánægður með það af því að hann var góður í fótbolta og þurfti ekkert að tala í honum frekar en hann vildi. En þegar leikurinn var hálfnaður hafði enginn gefið á hann. Ekki einu sinni þegar hann var með besta færið. „Ekki gefa á útlendinginn, hann skilur ekki leikinn,” heyrði Adam einn strák kalla yfir völlinn. Honum hitnaði að innan, eru þau að tala um mig? Hugsaði hann. „En af hverju er hann þá með okkur?” Spurði rauðhærð stelpa sem Adam mundi að hét Júlía og hafði heilsað honum í fyrsta tíma. „Æiii, það er bara svo að kennararnir haldi ekki að hann sé skilinn útundan” svaraði sami strákurinn. „En kannski skilur hann okkur” sagði önnur stelpa og horfði á strákinn. „Tékkum á því,” sagði hann og leit á Adam. „Skilurðu okkur? Strákur, heyrirðu í mér? Ertu heyrnarlaus?” Adam hörfaði ósjálfrátt. Þetta atvik minnti hann á þegar ráðist var á hann í heimalandinu hans, rétt áður en þau flúðu. Þá umkringdu stórir menn hann og króuðu hann af rétt eins og krakkarnir voru að gera núna. „Adam, heyrirðu í mér?!” Héldu þeir áfram „Hvað

ertu eiginlega að gera hérna? Af hverju ferðu ekki bara aftur heim til þín ef þú skilur ekkert?” Strákurinn var farinn að öskra á Adam og slefið frussaðist yfir hann. „Farðu af vellinum mínum,” sagði strákurinn svo „skilurðu ekki? Go! Go! Go away, go back to your home!” Öskraði hann aftur og Adam kipptist til af hræðslu. Hann skreið skjálfandi af vellinum. Minningarnar úr fortíðinni ásóttu hann þegar hann stóð upp og hljóp af stað heim.

Mamma hans var heima, hún byrjaði ekki að vinna fyrr en í næstu viku. „Adam minn, hvað er að? Kom eitthvað fyrir?” Adam lét sig falla á gólfið og byrjaði að gráta. Eftir það spurði mamma hans ekki meir, hún tók bara utan um hann og róaði hann niður. „Adam” sagði hún svo og starði djúpt í augun hans „það skiptir ekki máli hvernig eða hvaðan þú ert, þú hefur jafnan rétt og allir hinir. Jafnan rétt til þess að vera með. Ef hinir krakkarnir skilja það ekki þá þarftu að kenna þeim það.” Adam þerraði tárin og hlustaði. „Gleymdu fortíðinni, því að það er búið. Hugsaðu um framtíðina og staðreyndina að þú þarft að hjálpa þessum krökkum, kenna þeim. Drífðu þig nú aftur í skólann,” sagði mamma hans á móðurmáli þeirra og klappaði honum á bakið.

Adam opnaði útidyrhurðina og hljóp aftur af stað.

Hann kom í skólann rétt í tæka tíð fyrir næstu frímínútur. Sömu krakkarnir og áður voru komnir á fótboltavöllinn og byrjaðir að skipta í lið. Adam labbaði ákveðinn til þeirra og þegar hann steig inn á völlinn bökkuðu þau frá honum. „Nei er þetta ekki Adam litli útlendingur? Ertu búinn að gráta svolítið í mömmu?” Krakkarnir hlógu fyrir aftan strákin sem sagði þetta. „Við vera öll eins, öll jöfn. Af hverju stríðir þú mér en ekki Júlíu?” Spurði Adam á bjagaðri íslensku. Strákurinn varð hissa á svipinn. „Júlía er vinkona mín...þú ert ekki vinur minn,”

byrjaði strákurinn skömmustulegur, hann vissi nú að Adam skildi allt sem hann hafði sagt við hann. „Við geta alveg verið vinir” sagði Adam og rétti fram hendina. Strákurinn roðnaði alveg niður í tær og hinir krakkarnir fylgdust hljóðlega með. Á endanum rétti strákurinn fram hendina og þeir Adam tókust í hendur. Fljótt komu allir hinir krakkarnir og vildu líka taka í höndina á Adam. Það leið ekki á löngu áður en allir krakkarnir báru virðingu fyrir honum og vildu vera vinir hans. Þegar hann hafði tekið í höndina á öllum kallaði hann yfir völlinn: „Jæja, hver vill spila fótbolta?”

Dýrin í skóginum

Rebekka

„Það er mér heiður að lýsa son minn kóng skógarsins.” Það heyrast mikil fagnaðarlæti frá öllum dýrum skógarins. En í einum litlum ljónsunga er mikil reiði. Ef hún hafði verið eldri hafði hún heldur ekki getað ráðið yfir skóginum þó að pabbi hennar notaði alltaf þá afsökun.

Eftir athöfnina er slegið upp veislu í tilefni krýningar nýja kónsins. Konurnar koma með mat og setja á borð. En sumar þurfa að fara heim að passa litlu ungana sína. Það eru mikil læti við athöfnina og brátt hafa allir fengið nóg og fara heim til sín. En nokkur dýr þurfa að vera eftir að taka til.

„Vitiði að ég hef fengið nóg af þessu”, segir ein héramamma. „Ég held að við ættum allar að hittast á næsta fulla tungli og tala saman,” segir ein ljónamma.

Allar bíða þær spenntar eftir fullu tungli og brátt eru þær allar komnar saman við enda skógarins.

Allar hrópa þær hver yfir aðra.

„Við rekum þá úr skóginum!”

„Við látum þá borga!”

„Við brennum þá á báli!”

En rétt í því kemur drottningin inn. Allar verða þær hissa og hneigja sig. „Ég legg til að við kennum þeim lexíu. Á morgun við sólarupprás skulu allir verða mættir að húsi mínu, þið þurfið bara að treysta mér. Ég læt tilkynna þetta.” Allar verða sammála því og láta gott heita.

Næsta dag við sólarupprás eru öll dýrin mætt að húsinu. Húsið er stór hellir og drottningin stendur á kletti sem er rétt fyrir neðan hellinn.

„Velkomin. Ég boðaði ykkur hingað til að flytja ykkur áriðandi fréttir. Okkur langaði að prófa svolítið sem ég vona að þið viljið taka þátt í. Í einn dag munum við skipta um hlutverk. Við konurnar sinnum því sem þig karlarnir gerið og öfugt.” Það heyrast hlátrasköll og sumir hrópa: „Þið getið ekki orðið kóngar, það er fáránlegt.” Þetta stefndi allt í að ekkert yrði úr þessu þegar lítil ljónsungastelpa steig fram. „Ég sé ekki annað en að þið getið ekki tekið áskorun, þið getið greinilega ekki eins mikið og ég hélt.” Þá kemur annað hljóð í hópinn. Karldýrin byrja strax að vinna. „Við skulum sýna ykkur að við getum alveg gert það sem þið eruð vanar að gera.”

Þeir fara og finna mat, þrífa, sækja vatn og eru strax orðnir dauðþreyttir. Meðan konurnar eru aðeins að passa að enginn óvelkominn komi inn í skóginn og því ákveða þær að halda þá bara veislu. Eftir veisluna liggja karldýrin öll á jörðinni. „Eftir hverju eruð þið bíða? Byrjið að taka til.” Um kvöldið fara þeir síðan heim dauðþreyttir að svæfa óþekka unga.

Þegar þeir vakna fara þeir að hugsa. Þær þurfa að gera þetta á hverjum degi en við næstum ekki neitt. Einn hreindýrapabbi liggur hugsi þegar það heyrast óp og köll. Hann fer út og fréttir strax að einn pabbinn hafði ekki farið heim og hafði sofnað og að nú væri unginn týndur. Hann er alveg miður sín og allir byrja að hjálpa til við leitina. Það er leitað um allan skóginn en engin ummerki eru um ungann. Mamma hans leggst niður grátandi. „Þið getið aldrei gert neitt af viti. Þið klúðrið öllu,” segja þær.

Í því kemur örn og sest á grein á einu trénu. „En þið getið heldur ekki sinnt því eina sem þið voru beðnar um sem var að passa að enginn, sem á ekki heima hér, komi í skóginn,” segja þeir. Örninn kemur nær.

„Okkur dýrunum sem eiga ekki heima í skóginum langar að gera samkomulag. Ef við hjálpum ykkur að finna fílsungan, þá megum við koma og fara úr skóginum eins og okkur langar.” Öll dýrin tala lágt saman og komast að samkomulagi að leyfa þeim að hjálpa. „En ef eitthvað kemur fyrir hann á ykkar kostnað þá er samkomulagið rofið.”

Fuglarnir fljúga yfir skóginn og leita, fiskarnir synda í sjónum og leita. „Ég fann hann” segir einn strúturinn. „Hann andar ekki.” Þau reyna að lífga hann við.

En hann er dáinn. Allir verða miður sín og mamma ungans og pabbi sjást ekki í nokkra daga. En síðan er haldin jarðarför. Allir koma með falleg blóm og allt er mjög friðsælt. Þau koma öll að klettinum og margir halda fallega ræðu um fílsungann. Þegar athöfninni er að fara að ljúka biður litla ljónsungastelpan um orðið. „Við erum hér að heiðra minningu lítils fílsunga sem átti ekki skilið að deyja strax. En hvað sem við gerum hefur áhrif á framtíðina og við getum ekki breytt því. Öll mistök sem við gerum ráða þessum örlögum en það er það sem gerir okkur að

þeim sem við erum. Við ættum ekki að dæma eftir uppruna eða hvernig við erum en við gerum það samt. Því okkur er kennt að gera það. Það er kannski ekki svona augljós kennsla eins og í skólanum heldur lærum við það bara eins og við lærðum að tala. Ég er viss um að ef könguló eða þúsundfætla hefði dáið hefði enginn tekið eftir því. Því okkur er kennt að finnast þau dýr ógeðsleg. Við fæðumst ekki með þetta viðhorf heldur er okkur kennt þetta óbeint. Nýfæddur ungi fer ekki að dæma mömmu sína af því að feldur hennar er öðruvísi á litinn en hjá öðrum. En síðan þá lærir hann að hún sé ekki eins og aðrir og eigi þá ekki jafnan rétt og hinir sem eru „eðlilegir“. Þó að hann standi auðvitað með henni og elski hana jafnmikið er alltaf lítil hluti sem langar að breyta henni. Ég þekkti fílsungan ekki mikið en ég veit að hann hafði eitthvað gott í sér. Því að í öllum lífverum er hægt að finna eitthvað gott. Hann var mikilvægur og átti líf eins og þú og hver önnur lífvera. En hann átti sína drauma og óskir sem gerðu hann einstakan. Leyfum fólki að vera eins og það er.” Hún gengur burt og við tekur löng þögn.

Þá gengur einn gíraffinn að öðrum gíraffa. „Ég dæmdi þig alltaf vegna þess hverstu stuttur háls þinn var en núna finnst mér hann bara flottur.“ Þá fóru allir að viðurkenna mistök sín, mistökin að dæma aðra. Auðvitað getum við ekki sagt að þau hafi lifað hamingjusöm til æviloka, en svona næstum því.

2.kafli

Sannleikurinn er sagna bestur

Er ég hrifin af strákum?

Elísabet

Vekjaraklukkan hringir og ég nenni ekki að vakna. Síminn pípar og pípar, eru þetta samfélagsmiðlarnir? Örugglega. Jóna Kristín er að senda mér snapp. Í skilaboðunum stendur: „Hæ, Thelma Rut, ég var að spá hvort þú værir til í að hjálpa mér að láta Jökul verða hrifinn af mér?“ Mér finnst alltaf rosalega bjánalegt að stelpur á unglingsaldri séu alltaf að spá í stráka. Það hafa allar stelpurnar í bekknum mínum átt kærasta og þær allar hafa kysst stráka, nema ég. Ég hef ekki fundið neinn strák sem ég hef laðast að. Mér finnst líka miklu skemmtilegra að hanga bara með stelpunum í bekknum. En það er ekki tími til að hugsa um það núna, ég verð að fara klæða mig.

Ég tek upp bláu, þröngu gallabuxurnar og víða, hvíta stuttermabolinn minn og klæði mig í. Ég vil ekki líta út eins og ég vilji vera 16 ára þegar ég er bara 13 ára. Ég er að verða sein í skólann en ég fer ekki út úr húsi án þess að borða, þá mun líða yfir mig, ég er ekki að djóka. Ég gríp með mér gult epli, vatn og skólatöskuna og þýt út.

Á leiðinni í skólann hringir Jóna í mig. Hún er ennþá að spá í að bjóða Jökli á stefnumót. Jeminn! Þegar ég er komin í

skólann brosir mjög sæt stelpa til mín. Bíddu sagði ég „sæt”. Ég hleyp í tíma, þegar ég sest niður í sætið mitt hringir bjallan. Ég er alltaf á síðustu stundu en aldrei sein. Linda, kennarinn minn, kemur inn og lætur okkur vita að það sé ball á morgun. „Klukkan hvað?” Heyrist í Jónu, spennt eins og alltaf. „Klukkan 17:30 til 23:00,” svarar Linda.

Ég gleymdi að það er lífsleikni. Linda byrjar að tala um hvernig maður getur verið samkynheigður, gagnkynheigður og tvíkynheigður. Ég hélt að ég gæti og ætti bara að vera með hinu kyninu, gagnkynheigð. Get ég þá verið hrifin af stelpum? Vá skrýtið.

Þá er loksins kominn matur! Hvað skyldi vera í matinn? Spagettí bolognese, uppáhaldið mitt. Ég sest niður hjá Jónu og nokkrum öðrum stelpum. Þær eru allar bara með salat. „Ertu í alvörunni að borða þetta? Þú veist að þú verður feit.” Ég svara henni ekki og held áfram að borða.

Stelpan sem að ég sá í morgun labbar framhjá. Ég bið hana að setjast hjá okkur stelpunum, hún sest niður við hliðina á mér. Ég finn fyrir hjartanu slá. Ég spyr hana hvað hún heiti. „Ég heiti Ísabella, en þú?” Spyr hún. Ég segist heita Thelma, hún svarar strax: „En fallett nafn.” Ég verð eins og epli í framan. Mér finnst það svo sætt af henni! Við byrjum að tala og vá hvað hún er fyndin, skemmtileg og alveg meiriháttar! Ég get ekki hætt að brosa. Hjarta mitt slær á milljón.

Bjallan hringir og ég þarf að drífa mig í stærðfræði. Ísabella situr hjá mér, hún hjálpar mér með algebrudæmi og vá hvað ég elska hana. „Ha?” segir Ísabella. „Ekki neitt” svara ég. Ég sagði þetta örugglega upphátt. Ég held að ég sé að svitna eins og skrímsli.

Loksins er skólinn búinn. Ég klæði mig í útifötin og dröslast út. Ísabella hleypur á eftir mér. Hún spyr mig hvort ég sé að fara á ballið og auðvitað segi ég já. „Hittumst á morgun þá.“ Strax þegar ég er komin heim kík ég í símann og „eltihrelli“ Ísabellu á öllum samfélagsmiðlum. Hún er með svo fallegt bros, hún er nánast fullkomin, allavega fyrir mér.

Ég kík á klukkuna sem tikkar og tifar. Já sæll, ég er búin að vera í tvo klukkutíma í símanum að skoða allt sem ég finn um Ísabellu. Ég er ekkert óhugnanleg! Mamma kemur heim. Ég segi henni frá Ísabellu og hvað hún er sæt og meiriháttar. Mamma spyr mig hvort að ég sé hrifin af henni? Auðvitað svara ég neitandi en svo fer ég að endurhugsa það. Ég held að ég sé hrifin af henni. Getur það verið? En hún er stelpa? Er ég hrifin af stelpu? Ha?

Ég finn til fötin fyrir ballið á morgun. Loksins fæ ég að vera í ljósbláa kjólnum og hvítum háhæluðum skóm við! Sem betur fer er ekki skóli á morgun og ég get ekki beðið eftir að sofa út. Eftirvæntingin er svo mikil núna hjá mér, ball og enginn skóli. Ég klæði mig í náttföt, gríp símann og stekk upp í rúm. Við Ísabella tölum saman langt fram á nótt inn á fésbókinni.

Ég vakna og klukkan er 15:00. Ég geng fram og lít í spegil. Ég er með bólu! Ég geri allt til þess að láta hana fara, kroppa, toga, tannkrem, meik og margt fleira. Ég nenni ekki að spá í eina bólu núna, ég er ekki dramadrottning. Ég fer fram, knúsa mömmu svo rosalega fast að það liggur við að ég drepi hana móður mína. Ég helli cheerios í skál og möndlumjólk, var ég búin að gleyma að nefna það að ég er vegan? Ég klæði mig í ballfötin og dríf mig á ballið.

Þegar ég geng inn þá kyssir Ísabella mig beint á munninn. Allir stara á okkur! Við lítum hvor á aðra og byrjum skyndilega að dansa og skemmta okkur. Ég held að enginn sé að spá í þetta

lengur og ég held að öllum sé sama. Við förum inn á salernið og byrjum að tala saman.

Ísabella byrjar að segja mér hversu falleg og æðisleg stelpa ég sé. Ég roðna. Við förum fram og á sama andartaki og við stígum inn á dansgólfið byrjar rólegt lag. Ég tek í mjúku hönd hennar og byrja að dansa. Hún hallar höfðinu að öxl minni og við knúsumst. Ég finn svo góðan ilm úr hári hennar. Hún blómstrar og lyktar eins og blóm, hún er blómið mitt.

Ballið er búið og allir eru á leiðinni heim. Strax þegar ég er komin heim þríf ég förðunina af mér klæði mig úr fötunum og leggst upp í rúm.

Um leið og ég vakna morguninn eftir fer ég að hugsa um Ísabellu og get ekki einbeitt mér að neinu öðru. Ég bý mér til hafragraut í morgunmat og þýt út og beint í skólann.

Um leið og ég geng inn í stofuna heyri ég í Ísabellu tala við hina krakkana og segja að þetta hafi bara verið leikur hjá okkur tveim í gær og að við séum bara að þykjast. Hún segir að við höfum bara verið aðeins að djóka. Um leið og hún segir það, kyssir hún Jökul, sætasta strákinn í skólanum og hann kyssir á mót. Það byrja að leka tár niður vanga mína.

Ég hleyp eins hratt og ég get inn á baðherbergið. Ég sé að Ísabella tekur eftir mér. Hún útskýrir það, að hún var að ljúga að þeim af því að hún vildi ekki að neinn væri að dæma hana. Ég reyni að segja henni að hún verði stundum að láta sig hafa það og að þeim sé örugglega sama, við búum ekki með Donald Trump! Eftir skóla hittumst við heima hjá henni, við hlæjum og erum í algjöru stuði. Við segjum hvor annarri leyndarmálið okkar. Næsta skóladag talar hún ekkert við mig en samt talar hún heilmikið við mig eftir skóla.

Svona líða næstu vikurnar. Ég segi mömmu frá þessu. Hún segir að ég eigi að tala við Ísabellu í einrúmi. Ég knúsa mömmu

eins fast og ég get og dríf mig í að hringja í Ísabellu. Ég spyr hana hvort að hún nenni að hitta mig í smá stund og auðvitað svarar hún já, af því að það er enginn skóli og enginn getur séð okkur.

Ég klæði mig í útifötin og dríf mig heim til hennar. Ég bið hana að tala ekki á meðan ég tala. Ég segi: „Ísabella, getum við ekki sagt öllum frá okkur? Þú átt ekki að vera hrædd um hvað þau halda. Við erum nýbúin að ræða um hvernig sumir eru öðruvísi í lífsleikni. Við getum ekki haldið svona áfram ef að þú segir þeim ekki sannleikann, þá er þetta búið hjá okkur.” Hún er agndofa. Hún hugsar sig um og segir: „Ég tími ekki að missa þig.” Strax eftir það sendir hún á Facebook, Instagram og Snapchat að hún sé í sambandi með Thelmu Ruth (mér) og sé fullkomlega hamingjusöm. Ég kyssi hana og fer aftur heim.

Ég er vöknuð og ég get ekki beðið eftir að fara í skólann og vera með Ísabellu. Ég fæ mér að borða og þakka mömmu fyrir ráðið í gær. Ég labba inn í skólann og margir heilsa mér. Ísabella kemur til mín og leiðir mig. Enginn dæmir okkur, allir eru bara frekar góðir við okkur. „Hvað sagði ég? Sannleikurinn er bestur.” Hún segir strax: „Já, þú ert best.” Við löbbum saman inn í tímann og enginn dæmir okkur.

„Draugahúsið“

Eyrún

Það var farið að dimma þegar fjölskyldubíllinn kom að húsinu. María horfði út um bílrúðuna á stórt, drungalegt húsið sem gnæfði yfir þau. Það var alveg jafn ljótt og hana minnti. Litli

bróðir hennar var sofandi við hliðina á henni og mamma og pabbi stórðu stolt á nýja húsið þeirra. Þegar allur farangurinn þeirra var kominn inn fór mamma með litla bróður í rúmið en María fékk aðeins að litast um. Húsið var á þrem hæðum og þar að auki með hálofti. Herbergin voru of mörg til að telja og gangarnir voru eins og völundarhús sem leiddu hana í hringi. Veggfóðrið var kúkabrúnt á litinn og eins á öllum veggjum hússins. Þegar María var búin að reika um húsið í dágóðan tíma valdi hún sér herbergi sem henni fannst vera skásti kosturinn. Kúkabrúna veggfóðrið var bara ekki alveg eins áberandi þarna. María kyssti foreldra sína góða nótt og lagðist til hvílu.

Daginn eftir skein sólin í gegnum glugga hússins og lýsti upp veggfóðrið í allri sinni dýrð. Pabbi Maríu vaknaði fyrstur og smurði nesti fyrir krakkana. Því næst vaknaði mamma Maríu og fór að klæða litla bróður hennar. Síðust vaknaði María rétt í tæka tíð til þess að verða ekki sein fyrsta skóladaginn. Fjölskyldan settist öll samtímis í bílinn og keyrði af stað með börnin í skólann og foreldrana í vinnuna. „Jæja, krakkar mínir, gangi ykkur vel í skólanum!” sögðu mamma og pabbi og brostu til barnanna sinna. „Þið megið svo alveg bjóða vinum heim í dag, ef ykkur langar til” bætti pabbi við áður en að bjallan hringdi og þeim var smalað út úr bílnum.

Fyrsti dagurinn gekk ágætlega hjá Maríu. Henni gekk vel að læra en hún tók eftir því að krakkarnir í bekknum hennar voru alltaf að hvíslast á í kringum hana og sumir gerðust svo djarfir að benda á hana í leiðinni. Hvað er verið að segja um mig? Velti María fyrir sér. Í fyrstu frímínútum umkringdu krakkarnir Maríu og hrópuðu hver í kapp við annan: „Er satt að þú sért flutt inn í draugahúsið?” „Sástu hausana sem hengu í loftinu eða blóðugu hnífana í eldhúsinu?” „Sástu kannski vofurnar? Varstu ekki hrædd?” María var í þann mund að fara

að segja krökkunum að það væri ekkert í húsinu nema gömul, ljót húsgögn og kúkabrunnt veggfóður þegar hún sá sér betri leik á borði. „Viljiði vita hvað ég sá?” Spurði hún krakkana sem snarpögnuðu allir og settust í hring í kringum hana. „Ég sá blóðug höfuð í loftinu, þau voru alls staðar!” Laug María blákalt. „Svo sá ég stráksvofu, hann var hví..hvítur í framan og með b...b...b..blóðrauð augu!” stamaði María og lét sem hún skylfi af hræðslu. „Ég var svo logandi hrædd að ég gat ekkert sofið alla nóttina og þurfti að fela mig undir rúminu mínu.” Krakkarnir horfðu dolfallnir á Maríu eins og hún væri sjálfur Guð. „Hvað um hnífana, sástu þá?” Spurði eitt barnið ákaft. „Ó, ég sá sko hnífa og mikið meira til...”

María varð fljótt vinsælasti krakkinn í skólanum, en á hverjum degi kom hún með nýjar draugasögur úr húsinu. Hún laug og laug þangað til hún var sjálf orðin logandi hrædd við húsið sitt. Hana langaði til þess að segja krökkunum að þetta hefði allt saman verið lygi en hún naut athyglinnar og fannst gaman að vera vinsæl. Krakkarnir eltu hana á röndum og hún mátti ekki einu sinni fara á klósettið án þess að einhver ný vinkona hennar kæmi með. En aldrei kom hún með krakka heim og voru foreldrar hennar vissir um að hún ætti enga vini. Þau reyndu því oft að tala við hana og fá hana til þess að segja sér hvort að henni væri strítt í skólanum en María forðaðist þessi samtöl. Hún skammaðist sín í hvert skipti sem foreldrar hennar litu á hana með áhyggjuhrökkur á milli augnanna og hana langaði ekki að viðurkenna fyrir þeim lygina en samt gat hún ekki beðið hrædda krakkana að sanna fyrir foreldrum hennar að hún ætti vini.

Dagarnir liðu og María spann hverja lygasöguna á fætur annarri. Hún var orðin svo hrædd við húsið sitt að stundum á nóttunni læddist hún með teppi út í bíl til þess að sofa þar. Hún

byrjaði að fá martraðir um föla vofustrákinn og höfuðin í loftinu. Skrímsli, draugar, blóð, hnífar, spiladósir og lík ásóttu hana í svefninum og hún vaknaði í svitabaði á hverjum morgni. Einkunnirnar urðu verri og verri og áður en María vissi af voru foreldrar hennar búnir að ráða einkakennara fyrir hana til þess að hjálpa henni með námið í frítímanum. En einn daginn þegar María mætti í skólann vildu krakkarnir ekki heyra sögur. „María, við viljum hjálpa þér” tilkynntu þau alvarleg í bragði. „Enginn á skilið að búa við þessar aðstæður, allra síst þú” sagði ljóshærð stelpa með tíkarspena í hárinu. „Veistu hvernig við getum banað þessum óvættum?” Spurði einn af strákunum. María horfði skilningsvana á krakkana og byrjaði að ljúga eitthvað: „Ég held að eina ráðið til þess að ganga frá þeim sé að drepa strákinn, vofustrákinn...og eina leiðin til þess að drepa hann er að skjóta hann með ör beint í hjartað,” sagði María ákveðin og krakkarnir kinkuðu kolli. „Hafðu ekki áhyggjur María, við hjálpum þér.”

Þegar María kom heim úr skólanum voru foreldrar hennar búnir að afpanta einkakennarann og taka upp gamla bökunardótið. Þá langaði að eiga gæðastund með börnunum sínum og baka brauð og smákökur. Litli bróðir hennar var mjög spenntur og fljótt varð María það líka. Þau hófu baksturinn og bökuðu langt fram á kvöld. Þau hlógu mikið og skemmtu sér og í smástund gleymdi María lyginni. Þegar aðeins ein gerð af smákökum var eftir mundi María skyndilega hvað hún hafði verið óheiðarleg. Hún opnaði munninn til að viðurkenna allt fyrir foreldrum sínum þegar pabbi hennar greip orðið áður en hún kastaði því: „Heyrðu, við erum búnin með hveitið. Við þurfum bara einn desilítra í viðbót...” Pabbi hennar horfði á hana, „María, vilt þú fara upp á háaloft með desilítramálið og sækja meira?” María andvarpaði en kinkaði svo kolli og tók við

desilítra málinu, hún myndi segja þeim þetta þegar hún kæmi til baka. Uppi á háalofti var mjög kalt og þess vegna geymdu foreldrar hennar margar matvörur þar en gamli ísskápurinn var ekki nógu stór fyrir allan matinn.

Þegar María kom upp sá hún að stóri háaloftsglugginn var opinn og gardínurnar blöktu í vindinum. Hún varð strax logandi hrædd og sá fyrir sér lygasögurnar sínar lifna við og ásækja sig. Hún ákvað því að drífa sig að ná í hveitið. Þegar María opnaði stóra hveitipokann fauk hveiti í andlitið á henni og fötin hennar. Hún bölvaði því í hljóði og reyndi að nudda hveitið úr augunum en þau urðu bara rauðari fyrir vikið og hún táraðist af hveitinu. María flýtti sér að fylla desilítramálið og loka pokanum aftur. Hún var að fara að klifra niður stigann í óðagoti þegar hún mundi að sennilega væri best að loka glugganum fyrst. Hún lagði málið frá sér og gekk að glugganum. En þegar hún kom að honum heyrði hún óp úti.

Á sama tíma voru vinir Maríu komnir í garðinn hennar með ör og boga með sér. „Við verðum að ganga frá þessu skrímsli, ör beint í hjartað!” Öskraði einn af strákunum og ljóshærða stelpan með tíkarspenana tók undir. Krakkarnir földu sig bakvið runna og biðu færir. „Þarna! Þarna!” Æpti ljóshærða stelpan og benti á háaloftsgluggann og viti menn þar stóð vofustrákurinn með eldrauð augu og hvítt andlit. Strákurinn spennti bogann í flýti og miðaði. „Núna!” æptu hinir krakkarnir í kór og örin flaug í gegnum loftið, beint í hjarta vofunnar.

María sá glitta í vini sína og var að fara að veifa þeim þegar snörp örin hæfði hana beint í hjartað og hún féll niður, dái.

Lygin

Rebekka

Hann sat einn eins og venjulega og horfði á hina krakkana metast um hvað þau ættu mikið af hinu og þessu. Hann var kominn með nóg af því að vera einn og langaði að hinir krakkarnir vildu vera með honum. Hann gekk að þeim og hlustaði í smástund á samræður þeirra.

„En pabbi minn á stórt mótorhjól og leyfir mér oft að prófa það,” segir strákur sem heitir Pétur.

„Er það? Megum við sjá það,” segir Magnea.

„Nei, hann er í útlöndum og vill ekki að neinn snerti það meðan hann er í burtu,” segir Pétur.

„En ég sá pabba þinn vera labba úti með hundinn í morgun,” segir Lotta.

„Hann var að fara,” segir Pétur.

Hann gengur þá að þeim og sest niður.

„Farðu burt Bessi, við vitum að mamma þín og pabbi eiga ekki skít,”

„En þið vissuð ekki að pabbi minn er leyninjósnari og á höll þar sem hann geymir alla gullmólana sína. Einn daginn mun hann leyfa mér að koma í höllina,” segir Bessi.

Börnin litu undrandi á hvert annað því að Bessi hafði aldrei logið áður. Var hann að segja sannleikann?

„Á morgun í skólanum þarftu að koma með einn gullmola, alvöru gullmola, og við trúum þér. Annars mun fara illa fyrir þér,” segir Pétur.

Þegar Bessi kemur heim er hann í miklum vandræðum. Hvar á hann að finna gullmola fyrir morgundaginn. Hann hefði kannski ekki átt að segja þetta. En krakkarnir sýndu honum nú

loksins áhuga. Hann fer út að leita en það gengur ekki vel. Hann sest niður og grætur þegar lítil stelpa kemur til hans.

„Af hverju grætur þú?“

„Af því að ég get ekki fundið gullmola fyrir krakkana í skólanum án hans mun ég örugglega verða lúbarinn.“

„Ég held ég get hjálpað með það.“

Hún segir honum að elta sig og þau koma að stóru húsi nokkurn spöl frá bænum. Inni í húsinu eru alls konar dýr verðmæti, demantar og margt annað. Hann rekur upp stór augu því að hann hefur aldrei séð svona mikið af verðmætum. Stelpan fer í eitt herbergið og kemur út með einn skínandi fallegan gullmola. Bessi ætlar að taka hann þegar hún hristir hausinn.

„Þetta mun kosta þig mikið,“ segir hún.

„En ég á ekkert,“ svarar Bessi.

„Í næsta mánuði munt þú koma til mín á hverjum degi og þrifa allt húsið, þússa gullið og gera allt sem við biðjum þig um.“

Hann svarar strax játandi og er himinlifandi þegar hann fer heim með gullið. Hann passar að mamma sín og pabbi sjái þetta ekki því að þau myndu halda að hann hefði stolið þessu.

Næsta dag í skólanum sýndi hann krökkunum fallega gullmolann sinn. Krakkarnir reka upp stór augu en Pétur er ekki sannfærður.

„Ég sá pabba þinn í gær, hann virtist ekki vera neinn leyninjósniari,“ segir Pétur. Bessi hugsar sig um og svarar síðan.

„Það er af því að hann er dáltið leiður því að hann fékk það verkefni að njósna um mömmu mína,“ svarar Bessi síðan.

„Nett, en afhverju er hann að njósna um hana,“ spyr Magnea.

„Af því að hún er stórhættulegur bankaræningi og raðmorðingi,“ svarar Bessi.

Krakkarnir hvíslast á. En síðan hringir skólabjallan inn og krakkarnir ganga með Bessa inn og spyrja hann endalausra spurninga.

Bessa finnst lífið vera frábært og getur hann þá unnið betur og mamma hans og pabbi geta þá keypt betri mat. Á hverjum degi kemur Bessi með nýja sögu og eru þær að verða svo ótrúlegar að fimm ára krakki myndi ekki falla fyrir þeim. En alltaf kemur hann með einhverjar sannanir. Honum er hugsað til litlu stelpunnar sem útvegaði honum sannanir og að eftir viku er mánuðurinn liðinn. En honum finnst gaman að vera svona vinsæll í skólanum að hann gleymir því fljótt.

Eitt sinn þegar hann kemur í skólann sér hann að allir standa yfir Lottu þar sem hún er grátandi. Hann fer til þeirra og þeim bregður öllum í brún.

„Hvað gerðist, hvað er að?“

„Afi hennar var að deyja. Hann var myrtur. Við vitum að það var mamma þín,“ segir Pétur.

„Ha, nei, þið skiljið ekki ég...“

„Hefnum okkar,“ segir Lotta og lítur upp.

„Hún fær það sem hún á skilið,“ hrópa allir krakkarnir og byrja að hlaupa í átt að húsi Bessa.

„Nei, bíðið, ég var að ljúga. Komið aftur,“ segir Bessi en þau heyra ekki í honum.

Hann hleypur á eftir þeim en hann er ekki fljótur að hlaupa og í stað þess dettur hann og heyrir hróp í leiðinni. Mamma hans kemur út úr húsinu bundin á höndum og hún er dregin lengra að kletti sem allir eru margbúnir að vara við. Kletturinn er stórhættulegur. Hann hleypur en hann er of seinn. Þau fleygja henni fram af klettinum og ópin verða lægri og lægri þar til þau stoppa snarlega. Hún er dái. Bessi leggst niður og grætur. Krakkarnir horfa hver á annan og eru svoldið skelfdir. En þá

kemur pabbi hans bandbrjálaður og hrindir Lottu. „Hvað varstu að gera.” Lotta er komin hættulega nálægt brúninni. Nei það mega ekki fleiri hrapa niður, hugsar Bessi. Hann hleypur og ætlar að bjarga þeim. Hann tekur í pabba sinn og ætlar að taka í Lottu en missir pabba sinn fram af. Pabbi hans er ekki viðbúinn svo hann dettur niður af klettinum. Bessi horfir á hann hrapa niður. En hann getur ekki séð hvað kemur fyrir börnin því að hann finnur einhvern taka sig upp og fara með sig í bíl. Honum er hrint inn í skottið á stórum vörubíl. Hann bíður smástund og síðan er skottið opnað aftur.

Þegar hann kemur út sér hann sama hús og stelpan bjó í sem hafði gefið honum gullmolann. „Þú gafst dóttur minni loforð og maður svíkur það ekki,” segir maðurinn sem tók hann.

Nú vinnur Bessi dag og nótt við að þússa og þrífa. Hann spyr hvenær hann megi hætta en stelpan segir að hún hafi ekki sett nein tímamörk.

Þannig að hann eyðir restinni af lífi sínu þarna þangað til hann rotnar og enginn man eftir honum.

3. kafli

Fyrirgefning

Afsökunarbeiðnin

Elísabet

Ég vakna við móður mína kalla: „Morgunmatur Fríður mín.” Ég nenni alls ekki fram úr rúminu! Mig langar ekki í skólann. Ég rís upp og læt mig falla aftur í rúmið. Ég lít á símann og þar eru skilaboð en alls ekki jákvæð skilaboð. Ég fæ skilaboð frá Lilju og genginu hennar. Það byrja að leka tár niður kinn mína. Ég get ekki stoppað það, sérstaklega þegar ég get ekki hætt að horfa á skilaboðin frá þeim. Í þeim stendur: „Vá hvað þú ert ljót!”

„Dreptu þig!”

„Foreldrum þínum þykir ekki vænt um þig!”

„Þú ert alltof feit!”

„Þú ert alveg misheppnuð!”

Ég vil ekki fara fram og lifa lífinu. Lífið er aumkunarvert! Ég stend samt upp af því að móðir mín kallar á mig. Hún bakaði fyrir mig vöflur í morgunmat. Ég er of feit til þess að fá vöflur svo ég neita því og segi að ég sé ekki svöng. Ég sé að hún er döpur og segir mér bara að drífa mig í skólann svo að ég verði ekki sein.

Ég knúsa hana ekki eins og venjulega af því að bara smákrakkar gera það, að minnsta kosti segir Lilja það.

Þegar ég er komin í skólann geng ég rösklega beint inn á salernið svo að Lilja og þau sjái mig ekki. Ég loka dyrunum á eftir mér og sest á eitt klósettið. Þjallan hringir og ég verð að drífa mig í tíma núna. Um leið og ég stíg fram hrindir Lilja mér. Ég dett á gólfið mjög harkalega. Þau hlæja öll að mér og segja öll í kór: „Ertu að fara að gráta fíflíð þitt.” Ég hleyp inn í algebrutíma og byrja strax að læra en samt tekur kennarin eftir mér og kallar: „Fríður, eftirseta.” Stelpurnar hlæja að mér og kalla mig druslu en herra Grindland heyrir ekki í þeim.

Það er kominn matur. Ég er svo glorsoltin! Ég borðaði ekki neitt í morgunmat. En ég má ekki borða neitt óhollt. Ég tek mér salat og tek svo eftir því að hinar stelpurnar eru með hamborgara og köku. Um leið og ég sest niður koma krakkarnir. Þau velta salatinu mínu á hvolf og segja: „Dreptu þig.” Herra Grindland kemur hlaupandi að okkur og spyr hvað hafi gerst? Lilja svarar strax: „Ég rakst óvart í salatið hjá Fríði og ég var að bara að biðjast fyrirgefningar, er það ekki Fríður?” „Jú” svara ég en inni í mér hugsa ég bara NEI! Herra Grindland gengur í burtu. Gengið hlær að mér. Eins og þau gera alltaf á hverjum degi og eru búin að gera þetta í tvö heil ár. Ég elti þær inn á baðherbergi og ég sé að þær stinga putt anum upp í sig og framkalla uppköst. Ég gæti gert þetta og ekki orðið feit.

Ég ákveð að hlaupa heim eftir mat af því að það er gat hjá okkur restina af deginum. Ég ætla að ná í skóna en finn þá bara alls ekki. Ég er búin að leita að þeim í nánast klukkutíma en ég finn þá ekki. Gengið hefur örugglega falið skóna. Ég verð víst að ganga heim á sokkunum um miðjan vetur. Ég geng út og þar liggja skórnir mínir beint fyrir framan hurðina allir útataðir í maukuðum mat. Það breytir ekki neinu, ég geng samt heim.

Þegar ég er komin heim spyr mamma mig strax: „Hvernig var dagurinn í dag?“ Ég svara: „Frábær“ og þýt inn í herbergi. Um leið spyr hún mig hvað hafi komið fyrir skóna? Ég segi bara að ég hafi óvart misst mat á þá.

Ég fer beint í tölvuna og sé að það er kominn tölvupóstur. Bíddu hver er vinningurLD@gmail.com? Ég opna tölvupóstinn og þar stendur: „Jæja Fríður ríður! Af hverju ertu svona ljót og mikil drusla? Það þykir engum vænt um þig. Þú ert hóra og mella. Dreptu þig bara! Þú klæðir þig ekki í flott föt, þau eru alls ekki í tísku. Hvernig getur mamma þín horft á þig, pabbi þinn dó af því að þú er hræðileg manneskja þú ert svo misheppnuð skepna. Þú ert svo ljót að Hello Kitty sagði bless við þig. Ef þú værir tvöfalt klárari þá værirðu samt ennþá heimsk. Þú ert algjör fitubolla. Plís dreptu þig bara? Bestu dánarkveðjur: Lilja og Co.“

Það væri frekar góð hugmynd að drepa mig bara. Þá væri þetta allt búið.

Ég leita á netinu að upplýsingum um hvernig er hægt að drepa sig? Ég er búin að finna leið. Ég læðist inn í eldhús og næ í beittasta hnífinn og hleyp út.

Mamma fer inn í herbergið mitt og sér tölvupóstinn. Hún er agndofa.

Ég sting hnífnum beint í öxlina á mér og.....

Mamma kemur hlaupandi til mín. Hún hringir í 112 og segir frá atvikinu. Það næsta sem ég veit er að ég ligg á sjúkrahúsi.

Mamma situr við hliðina á mér og er mjög sorgmædd. „Af hverju Fríður?“ Ég útskýri fyrir henni af hverju og segi henni frá eineltinu og að það hafi verið í gangi í tvö heil ár. Hún verður undrandi á svip og segir: „Elsku barnið mitt ég sá tölvupóstinn þinn, þú hefðir átt að segja mér, þú ert ekki feit, þú ert með mjög fallegan líkama og pabbi þinn dó ekki vegna þín. Maður

fær ekki krabbamein af annarra sökum. Ég ætla ekki að missa þig líka.” „Fyrirgefðu mamma, ég hefði átt að segja þér,” svara ég. Við knúsumst og hún segir mér að leggja mig. Um leið og ég loka augunum reyni að fyrirgefa sjálfri mér. Mamma hringir í foreldra krakkana sem að lögðu mig í einelti. Allt gengið kemur til mín og biðst afsökunar.

Sólborg

Eyrún

Einu sinni var stelpa sem var tíu ára og hét Sólborg. Eins og flest börn átti Sólborg foreldra. Fyrir aðeins tveimur vikum ákvað mamma hennar að skilja við pabba hennar. Skilnaðarferlið var langt og þangað til pabbi hennar gat fundið sér nýja íbúð þurfti hann að gista á sófanum heima. Það varð til þess að á hverju kvöldi rifust þau heiftarlega um daginn og veginn. Sólborg nennti ekki að hlusta á þau lengur svo hún byrjaði að sofa með tónlist í eyrunum sem leiddi til þess að hana fór að dreyma. Draumarnir voru allir um framtíðina, nema hún var ekki björt. Hún bjó ein með mömmu sinni og sá pabba sinn aldrei. Mamma hennar fór að fá endalaust af körlum í heimsókn sem drukku bjór á morgnana og vín á kvöldin. Hún saknaði pabba síns svo óendanlega mikið en í draumunum mátti hún aldrei hitta hann. Svo enduðu draumarnir þannig að mamma hennar varð líka leið á henni og skildi við hana. Sólborgu var hennt út og þurfti að búa ein á götunni...

Sólborg hrökk upp með andfælum og reif af sér heyrnartólin svo þau skullu í gólfið með háum dynk. Hún vildi

ekki að foreldrar hennar skildu! Hún vildi ekki að pabbi hennar flytti út! Þetta var allt saman mömmu að kenna, af hverju þurfti hún að skilja við pabba? Pabbi hafði alltaf komið henni til að hlæja einu sinni, þegar Sólborg var lítil, gat það ekki orðið aftur þannig? Eins og skátarnir segja: Einu sinni ástfangin, alltaf ástfangin. Sólborg stökk fram úr rúminu og hljóp fram á gang. Hún settist í stofusófann þar sem pabbi hennar lá sofandi með hluta af fötunum sínum í nokkrum kössum í kringum sig. „Pabbi vaknaðu“ hvíslaði Sólborg og ýtti við honum. „Hvað er það Sólborg?“ Svaraði pabbi hennar án þess að opna augun. „Ekki leyfa mömmu að skilja við þig, hún vill vera með þér...hún er bara svolítið fljótfær“ stamaði Sólborg vongóð. „Ég held að það virki ekki þannig Sólborg mín. Mamma er ekki ástfangin af mér lengur og þá er ekki hollt að við séum áfram saman,“ sagði pabbi Sólborgar og strauk henni um vangann. „En það hlýtur að vera eitthvað sem við getum gert,“ sagði hún þá eftir langa þögn. „Ég er hræddur um ekki, stelpan mín. Farðu bara út að leika þér og ekki hafa áhyggjur af þessu.“ Að þessu loknu sneri pabbi hennar sér á hina hliðina og byrjaði að hrjóta enn á ný. Sólborg fann hvernig reiðin kraumaði inn í henni í garð mömmu. Hvað var að henni, af hverju var hún svona vond við pabba, og ósanngjörn við hana? Hugsanir hennar æptu svo hátt að henni fannst eins og allir í heiminum hlytu að finna hvað hún var ótrúlega reið. Hún opnaði útidyrhurðina og hljóp út á náttfötunum einum saman. Hún sparkaði í grasið, kýldi blómin og stappaði ofan á öllum pöddunum. Hún reif mosann af steinunum og öskraði á hann: „Góða skemmtun að vaxa aftur næstu þúsund árin!“ Og svona liðu dagar og nætur þar sem Sólborg var brjálæðislega reið. Hún yrti ekki á mömmu sína og var hætt að knúsa hana. Hún öskraði og grét þegar pabbi hennar fann sér íbúð og flutti að heiman. Hún skrópaði í

skólanum og henti nestinu sem mamma hennar útbjó fyrir hana á hverjum degi.

Foreldrar hennar höfðu áhyggjur af dóttur sinni og sendu hana til sálfræðings en hún neitaði að fara þangað nema að mamma myndi fá pabba aftur heim. Mamma Sólborgar reyndi að útskýra fyrir henni að það væri ekki hægt en þá hætti Sólborg að hlusta. Áður en hún vissi af var liðið ár. Hún átti að hitta pabba sinn aðra hvora helgi en vildi breyta því í aðra hvora viku eða jafnvel tíu daga. Eina vikuna sem hún var hjá pabba sínum settist hann niður með henni.

„Sólborg mín!”

„Já!”

„Hvað kom fyrir þig, þú varst alltaf svo glöð og skemmtileg?” Sagði pabbi alvarlegur í bragði. Sólborg kyngdi kekkinum sem var að myndast. „Mig langar bara að fá þig heim” sagði hún loks. „Sólborg, ég er heima. Þú veist að mér þykir mjög vænt um mömmu þína en við erum ekki gift lengur.”

Sólborg kinkaði kolli.

„Ég vil að mamma þín sé hamingjusöm, en hún er það ekki núna.”

„Nei, af því að hún saknar þín.”

„Nei, ástin mín. Hún saknar þín. Þú talar ekki við hana, þú leyfir henni ekki að koma nálægt þér og það brýtur í henni hjartað. Þú ert barnið hennar og hún vill að þú sért glöð.”

„Hún hefði bara átt að hugsa sig tvisvar um áður en hún skildi við þig.”

„Nei Sólborg hættu nú! Það ert ekki bara þú sem hefur átt ertfitt. Þetta er erfitt fyrir okkur öll en svona er þetta núna og þú getur ekki haldið áfram að vera reið út í hana. Þú ert búin að láta svona í heilt ár. Er þetta ekki komið gott?”

Sólborg hafði ekkert svar við þessu af því að hún vissi að allt sem pabbi hennar sagði var satt. Hún hafði eytt heilu ári í að vera reið í staðinn fyrir að fyrirgefa mömmu sinni og halda áfram. Sólborg brast í grát. Pabbi hennar tók utan um hana. „Svona, svona” sagði hann og strauk yfir hár hennar.

Næst þegar Sólborg kom til mömmu sinnar faðmaði hún hana þétt að sér og baðst fyrirgefningar. Þær gengu saman, hönd í hönd, eftir heimreiðinni að húsinu og mamma Sólborgar leit við á pabba hennar. „Takk” hvíslaði hún og brosti.

Slysið

Rebekka

Hann labbar með eldspýtu að húsinu. Hann horfir með brennandi augum að glugganum þar sem hún sefur. En þetta er engin venjuleg stelpa, þetta er stelpa sem eyðilagði líf hans. Hann klifrar upp stigann en ákveður að byrja neðst svo hún verði hrædd en deyi kannski ekki endilega.

Hann kveikir á eldspýtunni og horfir á hana brenna niður. Hann kveikir á annarri en hann getur ekki kveikt í húsinu. Hann sest niður og grætur. Hvað var hann að hugsa. En þá heyrir hann eitthvað skrítið hljóð sem minnir á þegar verið er að kveikja í flugeldum. Hann lítur við og sér að eldurinn frá eldspýtunni hefur kveikt í einhverju bandi. Hann eltir bandið og þar er eitthvað sem á stendur Dínamít. Hann er lengi að fatta en síðan er hann gripinn skelfingu. Hann reynir að blása á eldinn en það veldur því að allt gerist hraðar. Hann verður að vekja hana. En það er oft seint. Hann hleypur svo hratt, hraðar

en hann myndi nokkurn tíma geta hlaupið við venjulegar kringumstæður. Það síðasta sem hann hugsar er að hann muni aldrei fyrirgefa sér. Síðan heyrir hvellur og allt verður svart.

Hann vaknar við að einhver stendur yfir honum og það er lögregluþjónn. „Er allt í lagi, hvar áttu heima, hvað heitirðu,” það dynja á honum spurningar en hann getur ekki sagt orð. „Hvar er hún,” segir hann að lokum. „Það er í lagi með hana hvíldu þig nú,” segir önnur rödd.

Þegar hann vaknar aftur er hann í sjúkrarúmi og yfir honum standa mamma hans og pabbi og tveir lögregluþjónar. „Við fundum fingraför á eldspýtu sem var kveikt í með. Þau eru þín,” segir eldri lögregluþjóninn. „Ég ætlaði ekki...var óvart... bara var þarna,” segir hann hikandi. „Þú þarft ekkert að útskýra strax,” hann snýr sér að mömmu hans og pabba, „við komum seinna.”

„Bíðið, ég verð að tala við hana. Ég verð að tala við Snædísí,” segir hann. „Hún þarf að hvíla sig,” segir mamma hans.

Næstu dagar eru allir í móðu, tárur og spurningum. Eitt sinn nokkru seinna þegar búíð var að útskýra atvikið er dyrabjöllunni hringt. Þetta er Snædís. Hún spyr hvort hann vilji fara með henni í gönguferð. Þau ganga saman í þögn þangað til Snædís segir: „Afhverju gerðiru þetta, eða ætlaðir að gera það?” „Ég var bara svo reiður, ég veit ekki hvað gerðist.” Þau ganga áfram og hugsa. „Þú varst að hefna þín ekki satt?” Spyr Snædís svo.

Hann lítur á hana og kinkar kolli. „Kannski aðeins of rosaleg hefnd,” segir hún og þau hlæja vandræðalega. „Ég vona bara að við getum ennþá verið vinir,” segir hún. „Ha, já, auðvitað,” segir hann og lítur undan.

Næstu daga er mikið starað á þau í skólanum en þau láta eins og þau sjái það ekki. Brátt gleymist allt sem gerðist og þau

verða aftur bestu vinir. En stundum þegar hann fer í tölvuna og sér myndbandið fær hann tár í augum og allt rifjast upp aftur. Líka þegar Snædís fer og sér gamla húsið sitt.

Eitt sinn þegar þau ganga í skólann þá getur hann ekki staðist mátið og spyr: „Afhverju gerðiru þetta?“ „Ég bara var svo reið yfir að allir hötuðu mig nema þú og ég hafði myndbandið. Allt í einu var ég búin að ýta á einn takka og allt varð ónýtt. Ég hugsaði á hverju kvöldi um hvað ég hafði gert og mér leið svo illa og ég reyndi að eyða myndbandinu en það voru margir búnir að deila því og ég gat þá ekki eytt því. Um leið og þetta var komið á netið var ekki hægt að stöðva neitt. Nú hugsa ég alltaf áður en ég framkvæmi. En þú syngur nú alveg þokkalega og þú ert góður lagahöfundur. En nú þarft þú að útskýra,“ segir hún.

„Ég var bandbrjálaður enda hafði ég ekki gert þér neitt,“ segir hann. „Ég var með frábæra hugmynd fannst mér, en nú finnst mér það alls ekki. Ég var kominn þarna með eldspýtustokkinn en ég gat ekki gert það. Þú veist hvað gerðist næst.“ „Ég vil gleyma þessu af því að fólk gerir mistök og ég er ekki reiður út í þig lengur.“ Hann réttir fram höndina og hún tekur í hana með bros á vör. Þeim finnst gott að hafa talað um þetta og geta nú gleymt þessu.

Í möturneytinu næsta skóladag sest hann niður með Snædísi og þau tala saman. Þá fær hann allt í einu brennheita súpu yfir sig allan. Sá sem hellti yfir hann var Ísak, leiðilegur strákur, sem finnst ekkert skemmtilegra en að hlæja að öðrum. „Farðu nú að syngja auli.“ Ísak veit að hann er með mikið skap og bíður eftir að hann hefni sín og fari síðan til skólastjórans. En hann bregst allt öðruvísi við. „Æ, fyrirgefðu að ég var fyrir þér í súpukastinu þínu. Ég ætla ekki að syngja núna en kannski syng ég á morgun. Ég skal hjálpa þér að þrifa þetta upp þar sem

Þetta var alveg óvart." Vinir hans hlæja lágt en hann horfir bara á þá og þeir þagna. Ísak reynir hvað eftir annað en alltaf afsakar hann sig fyrir að hafa verið fyrir eða að vera auli.

Eitt sinn eftir skóla er hann að ganga heim og sér Ísak. Hann gengur til hans.

„Heldur þú ekki, að það væri bara betra ef við værum vinir,“ spyr hann.

„Einmitt! Ég trúi ekki að þig langi að vera vinur minn,“ svarar Ísak.

„Jú!“

„Það eina sem ég geri er að vera leiðinlegur við þig og hlæja að þér.“

„Já, og ég er núna búin að gleyma því.“

„Ha? Þú getur ekki bara gleymt því og aldrei munað það aftur.“

„Gleyma hverju?“

Þeir hlæja vandræðalega. Síðan takast þeir í hendur og Ísak gengur í burtu. En áður en hann fer snýr hann sér við og segir við Ísak:

„Ég geri líka mistök, mundu það.“

Snædís situr heima hjá sér og horfir í kringum sig í nýja herberginu. Þetta var ekki svo slæmt hús og staðsetningin var miklu betri. Hún opnar tölvuna. Strax og hún opnar netið blasir við henni martröð. Hún fær tár í augun við að horfa á myndbandið og allar athugasemdirnar. Hún ýtir á „eyða“.

„Myndbandi getur aðeins verið eytt af deilanda.“

Hún lemur í tölvuna en sér svo við sér enda vill hún ekki brjóta tölvuna. Sama hvað einhver segir getur hún ekki bara gleymt þessu. Þá er barið á rúðuna. Henni bregður mjög mikið og hún dettur á gólfið. Hún stendur upp og sér besta vin sinn standa þarna frekar spenntan. Hún opnar gluggann.

„Komdu út fljótt,“ segir hann

Hún hleypur út og hann segir henni að elta sig. Þau fara lengra og lengra í skóginn þangað til farið er að dimma. Hún verður óróleg en hann segir henni að treysta sér. Þegar þau koma í gegnum skóginn standa þau á háum hól og útsýnið er dásamlegt. Máninn er fullur og stjörnurnar skína bjart. Þau setjast niður og þau njóta fríska loftinu. „Ég heyrði einu sinni nokkuð sem kemur mér oft í huga,” segir hann. „Það hljómar svona,

Hann lítur á hana: „Það er engin tilgangur í því að stressa sig yfir einhverju sem þú getur ekki breytt. Lærðu af því, gleymdu því og vertu sterkari manneskja eftir það.” Og loksins gat hún sleppt því og haldið áfram á réttri braut.

Smásögur eftir Elísabetu Öldu Georgsdóttur, Eyrún
Didzikoas, Rebekku Guðfinnu Pálsdóttur.
Nemendur úr Námfúsir nemendur í Álfhólsskóla.